

## *Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum*

**Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 9. apríl 2008, kl 12:05.**

Mætt: Elliði Vignisson, Gunnlaugur Grettisson, Sveinn Magnússon, Þorsteinn Finnbogason, Magnús Sigurðsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

### **1. Skólastarfið og það helsta framundan.**

Frá síðasta fundi hefur skólastarfið gengið sinn vanagang, en þó með svolitlum truflunum af völdum veðurs og loðnufyrstingar. Vinna nemenda í loðnufyrstingunni náði þó ekki að verða nema upp helmingur af því sem verið hefur undanfarin ár. Miðannarmat var birt í byrjun mars og auk þess sent heim til ólögráða nemenda. Kennslumat var framkvæmt í öllum áföngum dagana 25. febrúar til 4. mars og sýna niðurstöður að nemendur eru upp til hópa mjög ánægð með kennsluna sem þau fá. Kennslumatið er svo eitt af því sem rætt er í starfsmannaviðtölum sem nú standa yfir. Opnir dagar voru haldnir 5. – 7. mars og lauk þeim með árshátíð, sem gekk bara vel. Páskaleyfi hófst svo 15 mars og stóð í 10 daga. Val nemenda vegna næstu annar verður 10. – 17. apríl og kennslu lýkur 30. apríl. Von er á gestum frá Ítalíu, Tyrklandi, Póllandi og Frakklandi dagana 14. til 17 apríl, en í þessum löndum eru samstarfsskólar okkar í evrópuverkefni sem nefnist EYE-BLOGG. Jogvan Hansen kom í heimsókn 7. apríl, ásamt syni sínum og tengdadóttur og færði skólanum stórt íslandskort að gjöf. Með þessu vildi Jogvan þakka fyrir allt það sem skólarnir í Eyjum hafa gert fyrir börn þeirra hjóna í gegnum tíðina. Íslandskortíð er mjög fallegt og vel unnið, en sá sem á heiðurinn af því er Hans sonur Jogvans, en hann er kortagerðarmaður.

### **2. Staða helstu verkefna.**

Farið var yfir stöðu helstu verkefna og áætlana sem verið hafa til skoðunar og umræðu. Þau helstu eru: Skip- og Vélstjórnarnámið framtíð og breytingar, heimavistarmál, íþróttanám, fjarnám og FabLab verkefnið. Nýr kynningarbæklingur fyrir skip- og vélstjórnarnám er í vinnslu og verður honum dreift í vor, sendir verða fulltrúar frá skólanum á Selfoss til að kynna sér íþróttanámið þar. Aukið fjarnám á Hvolsvöll og etv fleiri staði á Suðurlandi er til athugunar og FabLab verkefnið fer í samvinnuferli með Nýsköpunarstofu, en þar er verður settur upp tækjabúnaðurinn sem til þarf. Fyrirhugaðri stefnumótunarvinnu í samvinnu við Ingibjörgu Þórhallsdóttur verður frestað til haustsins, en vorið notað til að taka saman efni til að vinna með þegar skóli hefst á ný í ágúst.

### **3. Önnur mál.**

Lausar stöður kennara verða auglýstar í lok apríl.

Fleira ekki gert, fundi lauk um kl 13:05  
Ólafur H. Sigurjónsson.